

Nd.

652. Tillaga

‘il þingsályktunar um fræðslumál.

Frá mentamálanefnd.

Alþingi ályktar á skora á stjórnina:

- I. 1. Að endurskoða löggjöf landsins um barnafræðslu og unglunga.
 2. Að endurskoða alt skipulag Kennaraskólans, gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og alþýðuskóla, svo og að rannsaka, hvort heppilegt og gerlegt muni vera að stofna alþýðuskóla í einum eða fleirum landsfjórðungum, á kostnað landssjóðs að öllu leyti eða einhverju.
 3. Að undirbúa lagasetning um þessi efni svo fljótt sem því verður við komið.
- II. 1. Að tvískifta þegar í haust 3 efstu bekkjum Hins almenna mentaskóla, og verði önnur deildin málfræðideild og sögu, en hin náttúrufræðideild og stærðfræðideild.
 2. Að rannsaka, hvort eigi muni heppilegast, að kenslugreinir í 3 neðstu bekkjum Mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skóla þennan, svo og hvort eigi skuli setja sömu inntökuskilyrði í hann og sömu einkunnir í honum, sem voru áður en sú skipun var á ger, sem nú er.
 3. Að gera þær breytingar á reglugerð skólans, sem nauðsynlegar verða samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar.
- III. Loks ályktar Alþingi að heimila stjórninni að greiða úr rikissjóði það fje, sem nauðsynlegt reynist til framkvæmda atriða þeirra, sem í I. og II. tölul. greinir.